

Nr. 47

6. ágúst 1974

HRÁEFNI TIL FISKIÐNÁÐAR

Samanburður á geymsluþoli  
átulausrar loðnu og loðnu með átu

Jóhann Guðmundsson  
Haraldur Gunnlaugsson

Á síðastliðinni loðnuvertíð urðu nokkrir erfiðleikar við loðnufrystingu, vegna þess að á tímabili veiddist talsvert af átufullri loðnu. Átufull loðna hefur ekki fyrr veiðst í neinum mæli eftir að loðnufrysting hófst, þótt vart hafi orðið við lítils háttar átu í loðnu.

Átufull loðna veiddist aðeins fáa daga á vertíðinni. Þann 14/2 voru tekin tvö sýni af nýrri loðnu í Grindavík. Fylgst var með geymsluþoli loðnunnar ferskrar. Ennfremur var hluti af sýnunum frystur, þau þídd upp síðar og fylgst með geymsluþoli.

Niðurstöður skoðana voru eftirfarandi:

14.2.1974

- I. Veiðistaður: Vestur af Vestmannaeyjum.  
Veiðitími: Snemma morguns 14.2.  
Farmurinn kom til Grindavíkur kl. 8:30.  
Sýni tekið kl. 11:00. Teknar hrygnur eingöngu.
- II. Veiðistaður: Við Reykjanes  
Veiðitími: Morguninn 14.2.  
Farmurinn kom til Grindavíkur kl. 13:00.  
Sýni tekið kl. 14:30. Teknar hrygnur eingöngu.

Loðnan í sýni I er átulaus. Í sýni II er allmikil áta. Átan er mikið melt og er því ekki unnt að greina hana. Aðallega mun þó vera um ljósáta að ræða. Mismikið átumagn er í mögum og í sumum ekkert. Átumagnið er skilgreint þannig: 0 = engin áta  
1 = lítils háttar áta  
2 = allmikil áta  
3 = mikil áta - full

Af hvoru sýni voru ca. 150 stk. fryst, geymd óvarin = 100, strax athuguð = 100.

Skoðun á loðnu

14.2. I. kl. 16-18 Útlit gott, fersk, engar skemmdir. Áta: 0  Skoðuð 100 stk. Magar ásamt innihaldi úr 100 stk. vógu 36.6 g	14.2. II. kl. 16-18 Útlit gott, fersk, engar skemmdir. Átufl. 0 = 15 stk. 1 = 22 stk. 2 = 35 stk. 3 = 28 stk. Alls: 100 stk. Magar ásamt innihaldi úr 100 stk. vógu 95.4 g
15.2. kl. 9:00 Skoðuð 10 stk. Hiti í fiski 11° Áta: 0 Vottar fyrir trosnuðum rifbeinum í smæstu loðnunum og þeim, sem eru með mestum hrognum. Sér ekki á fiskinum að öðru leyti	15.2. kl. 9:00 Skoðuð 10 stk. Hiti í fiski 11° Átufl. 0 = 1 stk. 1 = 2 stk. 2 = 4 stk. 3 = 3 stk. = <u>10 stk.</u> Tvær loðnu með göt á kvið. Á öllum loðnum eru gráir smáblettir þar sem sér í fiskinn gegnum roðið. Kviður viðkvæmur. Átuflokkur 3 verst farinn.

<p>kl. 14:00 Skoðuð 40 stk. Áta: 0 Mjög lítil breyting frá síðustu skoðun. Brotin rifbein í 6 smæstu loðnunum</p>	<p>kl. 14:00 Skoðuð 40 stk. Átufl. 0 = 5 stk. Ekki áberandi skemmd. Rifbein dælduð. 1 = 9 stk. Rifbein víða laus. Smáblettir á roði. 2 = 14 stk. Rifbein laus. Blettir á roði. 6 stk. með göt á kviði. 3 = 12 stk. Rifin, laus. Göt á kviði, flestar með gráum blettum.</p>
<p>kl. 17:30 Skoðuð 25 stk. Áta: 0 Roði við tálknop og gotrauf. Ekki vart við ýldulykt. Ekki sterk, en væri þó tekin til verkunar.</p>	<p>kl. 16:00 Skoðuð 50 stk. Átufl. 0 = 8 stk. Ekki áberandi skemmd, rifbein dælduð eða brotin. 1 = 14 stk. Rif víða laus. Smáblettir á flestum, einkum yfir rifjum. 2 = 12 stk. Allar skemmdar svo sést utan á. 3 = 16 stk. Miklar skemmdir sjást á öllum að utan. Loðnur með miklum hrognum ver farnar. Allmikil ýldulykt úr tálknum.</p>
<p>16.2. kl. 10:00 Skoðuð 25 stk. Áta: 0 Rifbein víða laus. Blettir á roði. Ýldulykt að byrja í tálknum.</p>	

Skoðun á frystri loðnu

24.6.1974

Sýnin, sem fryst voru 14.2., voru þídd upp og skoðuð. Loðnan var geymd við 10-12°C.

Sýni.I, átulaus. kl. 16:30. Útlit gott Engar skemmdir. Skoðuð 50 stk.	Sýni II, allmikil áta. kl. 17:00. Útlit gott. Engar skemmdir. Áta: 0 = 7 stk. 1 = 16 stk. 2 = 13 stk. 3 = 14 stk. Alls: 50 stk.
25.6. kl. 10:00 Nokkur trosnun, einkum í smæstu loðnunum og þeim sem eru með mestum hrognum. Skoðuð 50 stk.	25.6. kl. 11:00 Niðurstaða af flokkun eftir átumagni óbreytt. Óskemmd: 1 stk. Rifbein trosnuð og brotin: 7 stk. Vottar fyrir rifjum í gegnum roðið. Rifbein laus úr fiski: 16 stk. Göt á kvið, gráir blettir á roði. Rifbein laus: 26 stk. = 50 stk.
kl. 16:00 Rauðleitur blær á kinnum. Roðið þunnt (þanið) og grisjar víða í gegnum það, einkum á hrognafyllstu loðnunum (lítur út sem gráir blettir á roðinu). Rifbein víða trosnuð og laus úr fiskinum. Ýldu varð ekki vart en ferskfisklyktin að mestu horfin úr tálknunum. Skoðuð 50 stk.	kl. 16:30 Lítið skemmdar, nær ógallaðar, átulausar, með lítil hrogn: 2 stk. Gráir blettir á roði, laus og trosnuð rif, blettótt kviðhimna: 20 stk. Með göt á kvið: 28 stk. Engin ýldulykt, en dauf fisklykt úr tálknunum. 50 stk.

Megna ýldulykt leggur af loðnunni.	26.6. kl. 8:00 Megna ýldulykt leggur af loðnunni.
------------------------------------	---

Niðurstöður:

Í átulausri loðnu voru fyrstu einkenni skemmda: Ýldulykt úr tálknum og brotin rifbein í smæstu fiskunum.

Í loðnu, með átu komu eftirtalin einkenni fram, áður en ýldulyktar úr tálknum fóru að gæta: Rauður blær við tálknaop og gotrauf. Brotin rifbein og trosnuð. Gráir blettir á roði og göt á kvið. Skemmdir eru því meiri, sem átan er meiri. Smáar loðnur eru viðkvæmari fyrir skemmdum en stórar.

Mikil hrogn í fiskinum, virðast flýta fyrir skemmdum.

Ekkert sér á loðnunni eftir frystinguna, en geymsluþol hennar þíðdrar er minna en geymsluþol ferskrar ófrystrar loðnu.

Varast verður að frysta átufulla loðnu, því þó loðnan sé fryst það ný, að kviðskemmda sé þá ekki farið að gæta, hefja meltingarvökvarnir aftur starfsemi við uppþíðingu og valda þá skemmdum.